

Sturlaugur Kristjánsson:

Sturlaugur eða Stúlli eins og hann er alltaf kallaður, er borin og barnfæddur Siglufirðingur fæddur árið 1953 og hefur allan sinn tónlistarferil, í rúm fimmtíu ár, unnið óeigingjarnt starf með þátttöku sinni í menningar- og tónlistarlífi bæjarins. Sturlaugur hefur sýnt og sannað að hann er meðal okkar fremstu og hæfileikaríkustu tónlistarmönnum og hefur allt það til að bera sem prýtt getur bæjarlistamann. Hann er framúrskarandi listamaður sem fer alla leið og í hugum margra er Stúlli listamaður sem hefur haldið uppi merkjum sköpunargleðinnar í hálfu öld.

Sturlaugur hefur unnið sem kórstjórnandi, sett upp söngskemmtanir og leikþætti, verið burðarás í sýningum Síldarminjasafnsins til margra ára og meðal annars stjórnað kór eldri borgara. Sturlaugur var einn af stofnendum hljómsveitarinnar Miðaldamenn sem stofnuð var árið 1970 og í dúettinum Stúlli og Dúi.

Óhætt er að fullyrða að þar sem einhver skemmtun eða viðburður hefur verið haldin á Siglufirði og í Fjallabyggð að þar hafi Sturlaugur mætt og annast bæði sem hljóðfæraleik og söng.